



**Reykhólahreppur** Maríutröð 5a – Reykhólum 380 Reykhólahreppur  
Sími: 434-7880 fax: 434-7885  
Tölvupóstur: [skrifstofa@reykholar.is](mailto:skrifstofa@reykholar.is) [sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is)

## **Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar 24. júlí 2010**

Kosningar til sveitarstjórnar fara fram laugardaginn 24. júlí 2010. Kjósa ber fimm aðalmenn og fimm til vara.

Kjördeild verður á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Kjörfundur hefst kl. 09:00 og lýkur kl. 18:00.

Kjörskrá hefur verið gefin út af hreppsnefnd og liggur hún frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá og með 14. júlí 2010.

Kosningar í Reykhólahreppi eru óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð. Allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.

Þrír kjósendur hafa skorast undan endurkjöri og þeir eru:

Egill Sigurgeirsson  
Karl Kristjánsson  
Rebekka Eiríksdóttir

Kjörstjórn gerir ráð fyrir að talning atkvæða fari fram strax og kjörfundi lýkur og gengið hefur verið frá gögnum til talningar.

Áhersla er lögð á að nöfn manna séu greinilega skrifuð á atkvæðaseðilinn, en atkvæði skal ekki metið ógilt þótt sleppt sé fornafni eða eftirnafni ef greinilegt er, eftir sem áður, við hvern er átt.

Eins og fram kemur hér að ofan skal kjósa fimm aðalmenn og fimm varamenn. Kjósendum er bent á að gott er ef menn hafa ákveðið fyrirfram hverja þeir ætla að kjósa og mæta jafnvel með tilbúinn nafnalista sem þeir sjálfir hafa gert. Slíkt flýtir fyrir kosningu.

Reykhólum 7. júlí 2010.

f.h. kjörstjórnar í Reykhólahreppi

Halldór D. Gunnarsson  
formaður.